



Umsókn veiðileyfa hjá SVH 2026

Nú er umsóknarferlið að fara í gang og viljum við hvetja ykkur til að kynna ykkur vel hvernig umsóknum um veiðileyfi er háttað.

Söluskrá er eingöngu á vefnum (www.svh.is) og á honum er hægt að sækja um veiðileyfi.

Ef keyptur er einn dagur þá gildir veiðileyfi frá kl.18:00 deginum **fyrir keyptan veiðidag** og til kl.18:00 á **keyptum veiðidegi**. Gildir þetta um bæði Hlíðarvatn og Djúpavatn.

Athugið að síðasti skiladagur umsókna er 21. febrúar (viku fyrir aðalfund). Ekki er hægt að sækja um leyfi eftir þann tíma. Eftir að umsóknarferli lýkur tekur alltaf ákveðin tíma að vinna að úthlutun og þegar henni er lokið sendum við ykkur úthlutunina í tölvupósti.

Afgreiðsla veiðileyfa verður svo auglýst síðar, bæði á vefnum og í tölvupósti.

Ef sótt er um veiðileyfi sem er í umboðssölu í söluskránni þá kynnið ykkur hvernig því er háttað.

Hér fyrir neðan er að finna leiðbeiningar fyrir umsókn í Hlíðarvatni og Djúpavatni.

Hlíðarvatn

Í maí, júní og júlí eru seldar stakar stangir. Ef keypt er stök stöng þá þarf að deila húsi með öðrum sem eiga hinar stangirnar. Til að hafa húsið út af fyrir sig þarf að kaupa allar fimm stangirnar. Athugið að umsókn um allar fimm stangirnar á viðkomandi dagssetningu gengur fyrir umsóknir á færri en fimm stöngum á sömu dagssetningu.

Dæmi:

Ef menn ætla saman þá skráir einn sig fyrir degi en skráir aðra veiðifélaga með í umsókn á öðrum stöngum. Þeir þurfa ekki að sækja um líka. Félagaskrá er aðgengileg á vefnum meðan á umsóknarferli er í gangi og passa skal að hafa rétt félaganúmer í umsókninni.

Frá 1. ágúst og út september sækir einn félagi um dag. Ekki skrá aðra félaga á þessum tíma á umsóknina. Athugið að eingöngu er greitt fyrir 3 stangir en nota má 5 stangir og hafa þá húsið út af fyrir sig.

Djúpavatn

Aðeins eitt númer (einn félagsmaður) sækir um daginn. Ekki skrá aðra á umsókn. Skoðið vel í söluskrá hvernig hægt er að sækja um helgar. Um helgar eru alltaf 2 dagar seldir saman og ekki hægt að kaupa staka daga um helgar.

Hægt er að sækja um **föstudag og laugardag** saman eða **sunnudag og mánudag** saman. Það er ekki hægt að sækja um laugardag og sunnudag saman í sömu helgi.

Dæmi:

Sótt er um föstudag og laugardag. Hefst veiðileyfið kl. 18:00 á fimmtudegi (daginn áður) og stendur til kl. 18:00 á laugardegi.

Sótt er um sunnudag og mánudag. Hefst þá veiðileyfið kl. 18:00 á laugardegi (daginn áður) og stendur til kl. 18:00 á mánudegi.

Ef sótt er um ákveðin dag og umsækjandi vill hafa aðrar dagsetningar til vara, þá skal setja þær dagsetningar inn í athugasemd.

Vegna mikillar ásóknar í Djúpavatn og fjölgunar félagsmanna verður erfitt að gera öllum til hæfis og ekki víst að þið fáið þann dag sem þið óskið eftir.

Ef þið hafið spurningar þá sendið okkur þá póst á stjorn@svh.is